

Mánudaginn 1. maí 1922.

Nr. 10/1922.

Rjettvísín

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Ólafi Friðrikssyni, Hendrik
Jóni Siemsen Ottóssyni,
Markúsi Jónssyni, Reimari
Eyjólfssyni, Jónasi Magn-
ússyni og Ásgeiri M. Guð-
jónssyni**

(Lárus Fjeldsted),

sem ákærðir eru um brot gegn 12. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 4. febr. 1921: Kærður Ásgeir Möller Guðjónsson á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Hinir ákærðu Ólafur Friðriksson Möller, Hendrik Jón Siemsen Ottósson, Markús Jónsson, Reimar Eyjólfsson og Jónas Magnússon sæti fangelsi við vatn og brauð, Ólafur í 6×5 daga, Hendrik í 4×5 daga en þeir Markús, Reimar og Jónas í 3×5 daga hver.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað þar með taldar 50 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns ákærðu Markúsar og Jónasar, fyrverandi sýslunanns Sigurðar Þórðarsonar, greiði ákærður Ólafur að hálfu og hinn helminginn allir hinir dómfeldu, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Eftir hinum ófullkomnu upplýsingum, sem fengist hafa í málinu og samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, og ekkert verulegt þykir athugavert við, verður að staðfesta hann, þó þannig, að brot Ólafs Friðrikssonar heimfærist undir 104. gr. 1. lið og 53. gr. sbr. 99. gr. hegningarlaganna og ákvedst refsingin fyrir hann 8 mánaða

betrunarhúsvinna, og að refsing hinna ákærðu Markúsar Jónssonar, Keimars Eyjólfssonar og Jónasar Magnússonar ákveðst 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og að málskostnaðarákvæði dómsins breytist að því leyti, að hinir ákærðu Markús og Jónas greiði einir in solidum málsvarnarlaun talsmanns þeirra í hjerði.

Allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 120 kr. til hvors, greiði hinir ákærðu Ólafur, Hendrik, Markús, Reimar og Jónas sem síðar segir.

Hegningarvottorð úr Norður-Múlasýslu fyrir ákærða Jónas Magnússon hefir ekki verið fengið.

Því dæmist rjett vera:

Refsing ákærða Olafs Friðrikssonar ákveðst 8 mánaða betrunarhúsvinna og hinna ákærðu Markúsar Jónssonar, Keimars Eyjólfssonar og Jónasar Magnússonar 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir hvern þeirra. Hinir ákærðu Markús Jónsson og Jónas Magnússon greiði einir in solidum málsvarnarlaun sín í hjerði. Að öðru leyti skal aukarjettardómurinn vera óraskaður.

Allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málfutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar og hæstarjettarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, 120 kr. til hvors, greiði ákærði Ólafur Friðriksson að helmingi, en hinn

helminginn greiði hann in solidum með ákærðum Hendrik Ottóssyni, Markúsi Jónssyni, Reimari Eyjólfssyni og Jónasi Magnússyni.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvisinnar hálfu gegn þeim 1) Ólafi Friðrikssyni Möller, ritstjóra, Suðurgötu 14, fæddum 16. ágúst, 1886, 2) Hendrik Jóni Siemsen Ottóssyni, stúdent, Vesturgötu 29 fæddum 8. október 1897, 3) Markúsi Jónssyni, bryta, Bergþórugötu 10, fæddum 24. febrúar 1891, 4) Reimari Eyjólfssyni, verkamanni, Vesturgötu 12, fæddum 14. janúar 1886, 5) Jónasi Magnússyni, rafvirkja, Brekkustíg 15, fæddum 29. ágúst 1895 og 6) Ásgeiri Möller Guðjónssyni, sjómanni, Bakkastíg 5, fæddum 4 maí 1901, fyrir brot á ákvæðum 12. kapitula almennra hegningarlaga frá 25 júní 1869.

Enginn hinna ákærðu hefir áður svo upplýst eða sætt ákærna eða refsingu fyrir nokkurt brot nema Reimar Eyjólfsson, er var sektaður 4. júlí 1916 um 20 krónur fyrir brot á ákvæðum brunamálalöggjafarinnar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Síðastliðið haust fluttist hingað til landsins rússneskur piltur, Nathan Friedmann að nafni, 15 ára að aldri, á vegum ákærða Ólafs Friðrikssonar ritstjóra, kom það skömmu síðar í ljós, að piltur þessi var haldinn af næmum og illkynjudum augnasjúkdómi (trachoma), sem eftir skýrslu augnlæknis þess, er leitað var til, er eigi hjer í landinu. Lagði þá landlæknir til við Stjórnarráðið, að fengnum tillögum augnlækna bæjarins, að piltinum yrði bannað að dvelja hjer á landi. Stjórnarráðið skipaði þá 14. nóvember f. á. samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, svo fyrir, að rússneski pilturinn skyldi fara af landi burt eigi síðar en með gufuskipinu „Botnia“, er fara átti föstudaginn 18. s. m. og lagði fyrir lögreglustjóra að birta það fyrir piltinum og ákærðum Ólafi og sjá um, að þessari fyrirskipun yrði hlýtt.

Þegar ákærður Ólafur fjekk frá lögreglustjóra tilkynningu um, að senda sætti rússneska piltinn af landi burt, fór hann að

semja við Stjórnarráðið um styrk handa piltinum næstu árin, en þær samningaumleitanir leiddu ekki til samkomulags.

Föstudaginn 18. nóvember f. á. sendi lögreglustjóri því yfirlögregluþjóninn og tvo lögregluþjóna heim til ákærðs Ólafs í Suðurgötu 14 til þess að sækja piltinn, því þann dag átti e. s. „Botnia“ að fara. Fundu þeir Ólaf að máli, en hann tjáði þeim að pilturinn væri ekki hjá sjer og að hann vissi ekkert um, hvar hann væri. Jafnframt bauð Ólafur lögregluþjónunum að leita í húsinu, en því boði virðist ekki hafa verið tekið. Hinsvegar símaði yfirlögregluþjóninn á lögreglustöðina, að margir menn væru saman komnir hjá Ólafi og að hindra mundi eiga lögregluna með valdi í því að ná piltinum, enda hafði ákærður Ólafur lýst því yfir í blaði því, sem hann er ritstjóri að, að pilturinn yrði ekki látinn fara.

Lögreglustjóri bað þá A. V. Tulinius forstjóra og slökkviliðsstjóra að safna að sjer mönnum eftir því sem hægt væri og aðstøða lögregluna við að ná rússneska piltinum ef með þyrfti. Brugðust þeir vel við og safnaði hinn fyrnefndi að sjer um 50 mönnum en hinn síðarnefndi um 15 mönnum og voru þeir með menn þessa á Suðurgötunni og í nánd við bústað Ólafs Friðriks-sonar, en eftir því sem þeir Tulinius og slökkviliðsstjórinn hafa borið fyrir rjetti, fengu þeir aldrei neina skipun eða beiðni frá lögreglunni um neina ákveðna aðstöð og áttu því lítinn eða engan þátt í því, er síðar fór fram.

Síðan fór lögreglustjóri í broddi lögreglunnar heim að bústað Ólafs Friðriks-sonar og hafði meðferðis rjettarúrskurð fyrir því, að gjöra mætti þar húsleit eftir rússneska piltinum. Hitti lögreglustjóri Ólaf í forstofunni og tjáði honum það erindi sitt að sækja piltinn. Svaraði Ólafur því sama og yfirlögregluþjóninum, að pilturinn væri þar ekki og að Ólafur vissi ekki hvar hann væri. Las lögreglustjóri þá upp húsleitarúrskurðinn og bauð honum að opna stofuhurðirnar fram í forstofuna, sem voru aflæstar, en Ólafur neitaði að hlýða því boði. Bauð lögreglustjóri þá mönnum þeim, er inni í stofunum voru, að opna hurðirnar, en þeir sinntu heldur ekki því boði og svöruðu að húsráðandi (o: Ólafur) rjeði því hvort hurðirnar yrðu opnaðar. Ljet lögreglustjóri þá sækja verkfæri og brjóta upp hurðina milli forstofunnar og svefnherbergis Ólafs og var fyrir innan hana stór skápur, er dreginn hafði verið fyrir hurðina.

Inni í stofunum voru 17 menn, er safnast höfðu til Ólafs.

Bað lögreglustjóri mönnum þessum að ganga út og hlýddu þeir því möglunarlítið, verður rjetturinn því að telja þá vitalausa samkvæmt niðurlagi 104 gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, þar sem þeir skipuðust við fyrirmæli lögreglustjóra og fóru út án þess að gjöra óskunda á mönnum eða fjármunum manna, aðra en ákærðan Ólaf Friðriksson, sem telja verður forgöngumann þeirra.

Hóf lögreglan þá leit í íbúðinni eftir rússneska piltinum og fann hann eftir all-langan tíma í fylgsni, sem er bak við rúmgöfl hjónanna, og liggur þar undir stiga.

Á íbúð ákærðs Ólafs eru þrennar útidyr. Aðaldyr til norðurs og fór lögreglan inn um þær dyr, þá liggja og dyr út á tröppur við suðausturenda hússins og loks eldhúsdyr vestan á húsinu.

Þegar lögreglan var búin að finna rússneska piltinn fór Ólafur Friðriksson út á tröppurnar við suðausturdyrnar, en þar fyrir utan hafði safnast að múgur og margmenni, og kallaði upp: „Nú eru þeir búnir að finna rússneska piltinn og koma bráðum með hann grátandi, en við látum hann ekki fara“. Um líkt leyti fór og ákærður Hendrik Ottósson út úr íbúð Ólafs, en þeir tveir virðast hafa verið þar inni meðan stóð á leitinni eftir rússneska piltinum, að minsta kosti öðru hvoru, og ljét orð falla um, að ekki ætti að líða lögreglunni að fara með piltinn og að: „við (þ: hann og þeir, sem honum væru fylgjandi) metum mannúðina meira en hegningarlögin“.

Rjett á eftir kom Sæmundur Gíslason lögregluþjónn út á tröppurnar við suðausturdyrnar með rússneska piltinn undir vinstri handleggnum en lögreglukylfu í hægri hendi og gengu yfir lögregluþjóninn og lögreglufulltrúinn rjett á eftir honum. Hafði þá ekki verið rudd brant gegnum mannfjöldann niður á Sudurgötu eins og lögreglufulltrúinn hafði falið einum af lögregluþjónunum að sjá um að gjört yrði, heldur stóð mannfjöldinn í þyrpingu fast við tröppurnar og niður undir götu.

Þegar Sæmundur kom niður í tröppuna með piltinn, kveður hann hafa verið þrífð í fætur sjer af tveim mönnum, er stóðu sínu megin hvor við tröppuna og var tekið svo fast sjerstaklega í vinstri fót honum, að hann varð að styðja sig með hægri hendi inni við handriðið á tröppanni til að verjast falli. Missti hann þá rússneska piltinn og lögreglukylfan var þriffin af honum af manni, er stóð sunnan við tröppurnar, og hann barinn með henni

og sömuleiðis yfirlögregluþjónninn, sem næstur honum gekk. Lenti þarna í all-miklum ryskingum um stund og meðan á þeim stóð fór kona ákærðs Ólafs, er staðið hafði út í mannþrönginni, eftir fyrirlagi manns síns inn í húsið aftur með rússneska piltinn um sömu dyrnar og út með hann var komið um, og Ólafur á eftir og fáeinir menn aðrir með honum. Gjörði þá lögreglufulltrúinn og tveir lögregluþjónar með honum tilraun til þess að komast á eftir þeim inn í húsið aftur um sömu dyrnar til að sækja piltinn, en var varnað þess af þeim, er inn voru komnir á undan þeim og lágu á hurðinni. Kom annar lögregluþjónninn fæti á milli hurðarinnar og karmsins en þá barði ákærður Ólafur á fótinn á honum með steini, er kastað hafði verið að utan inn um glugga, svo lögregluþjónninn varð að draga fótinn til sín og lögreglan frá að hverfa. Eftir skýrslu lögreglufulltrúans reyndi lögreglan þar á eftir að komast inn um norðurdyr hússins og og bakdyrnar, en þá var búið að aflæsa þeim dyrum að innan og hvarf svo lögreglan frá tilraunum sínum til að ná rússneska piltinum í það sinn.

Það hefir ekki orðið upplýst í málinu hverjir það voru, sem kiptu í fætur Sæmundar lögregluþjóns, er hann kom niður í tröppuna með rússneska piltinn, nje hver það var, er þreif kylfu hans og barði hann og yfirlögregluþjónninn. Yfirleitt þekti lögreglan ekki aðra af þeim, sem veittust að henni úti, en ákærðu Ólaf og Hendrik, sem og báðir hafa játað að þeir hafi ætlað að ráðast á lögregluna og viljað bæði sjálfir og fá aðra í lið með sjer til þess að taka rússneska piltinn af henni með valdi, en eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í málinu, var þeim varnað þess að ná til Sæmundar lögregluþjóns og yfirlögregluþjónsins og Hindrik var tekinn og farið með hann niður á lögreglustöð, en Ólafur fór inn í húsið aftur eins og að framan greinir.

Við ryskingar þær, sem skýrt er frá hjer að framan hlaut enginn neitt alvarlegt meiðsli.

Ákærður Ólafur ritstjóri Friðriksson hefir skýrt svð frá, að það hafi verið meining sín að hafa piltinu Nathan Friedmann ekki á heimili sínu 18. nóvember f. á. þegar „Botnia“ átti að fara, heldur fela hann einhverstaðar annarsstaðar en vera sjálfur heima og hafa menn hjá sjer til að villa lögreglunni sýn. En svo fór, að hann fann engan stað, er hann vildi láta piltinn í og varð hann því heima, en ákærður kveðst hafa treyst því, að hann

myndi ekki finnast þar sem hann var falinn. Hann kveðst ekki geta um það sagt eða munað hvort hann hafi nokkru sinni hugsað sjer að hindra brottför piltisins með valdi fyrri en lögreglan var búin að finna hann 18. nóvember.

Eftir 18. nóv. 1921 hafði ákærður Ólafur Friðriksson vörð manna í húsi sínu dag og nótt. Voru það adallega menn, er komu til hans af sjálfsdáðum og hjetu liðsinni sínu til þess að varna töku rússneska piltisins. Aðrir menn reyndu að koma á sættum milli Ólafs og stjórnarvaldanna og fá Ólaf til að láta rússneska piltinn fara með góðu, en það reyndist árangurslaust.

Þriðjudaginn 22. nóvember skipaði Stjórnarráðið skipstjórnann á björgunarskipinu „Þór“, Jóhann P. Jónsson, áður sjóliðsforingja, aðstoðarlögreglustjóra hjer í bænnum og fól honum sjerstaklega að bæla niður mótþróa þann gegn lögregluvaldinu, sem því hafði sýndur verið. Kvaddi hann marga borgara bæjarins sjer til aðstoðar sem varalögreglulið og fór í broddi lögregluliðsins og varalögregluliðs þessa miðvikudaginn 23. nóvember f. á. heim til ákærðs Ólafs ritstjóra Friðrikssonar, sem var heima og hafði vörð rúmlega 20 manna um sig. Var hús Ólafs lokað er aðstoðarlögreglustjórinn kom þar, en Ólafur í forstofunni og nokkrir menn með honum og höfðu spýtur í höndunum að vopni. Skýrði aðstoðarlögreglustjórinn Ólafi þá frá því, að hann væri kominn til að taka hann fastan og skoraði á hann að gefa sig lögreglunni á vald og á menn þá, er með Ólafi voru, að ganga út, en Ólafur neitaði að gefa sig á vald lögreglunni og að opna húsið. Tjáði aðstoðarlögreglustjóri Ólafi þá, að hann bæri alla ábyrgð á því, sem af því leiddi, að óhlýðnast þessari skipun og ljet síðan sprengja upp hurðina og fór inn með mönnum sínum. Varð því ekkert af mótstöðu af hálfu þeirra, sem inni voru, heldur skipuðust þeir við fortölur lögreglunnar og ljetu taka sig fasta án þess að gjöra sig seka um óskunda á mönnum eða munum. Verður rjetturinn því einnig að telja menn þessa vítalausa samkvæmt hiani tilvitnuðu hegningarlögreglunni, aðra en ákærðan Ólaf Friðriksson, sem einnig þá var forgöngumaður þess að varna lögreglunni að ná í rússneska piltinn.

Rússneski pilturinn var 23. nóvember 1921 uppi á lofti í húsinu nr. 14 við Suðurgötu. Var hann tekinn þar og hafður í sóttvarnarhaldi þar til hann skömmu síðar var sendur af landi burt.

Menn þeir, er teknir voru fastir í húsi Ólafs ritstjóra Frið-

rikssonar 23. nóvember voru fluttir í fangelsi, en slept flestum að lokinni lögregluþyrifheyrslu. Í gæsluvarðhald voru aðeins úrskurðaðir hinir ákærðu Ólafur og Hendrik Ottósson og sátu þeir í gæsluvarðhaldi frá 26. nóvember f. á. hinn fyrnefndi til 30. s. m. en hinn síðarnefndi til 29. s. m.

Ákærður Ólafur Friðriksson, ritstjóri hefir haldið því fram, að vegna sáttaboda, er hann tjáist hafa fengið frá stjórninni 23. nóvember 1921, hafi hann ekki búist við því, að yfirvöldin myndu hlutast frekara til um að taka Nathan Friedmann með valdi og því ekki búist við heimsókn af lögreglunnar hálfu í því skyni. Hins vegar kveðst hann hafa heyrt, að liðsafnaður væri í bænnum í því skyni að pilturinn færi af landi burt og við heimsókn af því liði kveðst hann hafa búist og því haft vörð í húsi sínu nótt og dag eftir 18. nóvember. Hann hefir þó kannast við, að hann hafi ekki viljað gefast upp 23. nóvember f. á. þótt hann sæi, að það var lögreglan og aðstoðarlið hennar, sem kom þann dag til að sækja piltinn, þótt lítið yrði úr vörn bæði af hans hálfu og manna hans. Hann hefir og óskað bókað eftir sjer, að hann telji alla mótspyrnu gegn og ofbeldi við lögregluna í þessu máli sjer að kenna og að án sinna aðgjörða myndi henni engin mótþrói hafa verið sýndur í því.

Hinir ákærðu Markús Jónsson, Reimar Eyjólfsson og Jónas Magnússon hafa kannast við það, að þeir hafi farið inn í íbúð ákærðs Ólafs Friðrikssonar 18. nóvember eftir að lögreglan var búin að missa rússneska piltinn og hann var komin inn í íbúðina aftur og hjálpað Ólafi til þess að varna lögreglunni inngöngu með því að liggja á og ýta á hurð þá, er lögreglan var að reyna að komast inn um. Auk þess hefir ákærður Markús kannast við að hafa svarað áskorun lögreglunnar til borgaranna um aðstoð við hana á þá leið, að enginn alþýðumaður aðstoðaði lögregluna í þessu máli. Hins vegar er það ekki upplýst, að menn þessir hafi átt nokkurn þátt í ryskingum þeim, sem úti urðu þann dag og að framan er frá skýrt.

Ákærður Ásgeir M. Guðjónsson hefir skýrt svo frá, að hann hafi staðið í mannþrönginni fram af tröppunni við suðausturdyr hússins nr. 14 við Sudurgötu þegar Sæmundur lögregluþjónn kom út með rússneska piltinn og kveðst hafa tekið piltinn er Sæmundur var að missa hann, en í því fengið mikið högg í höfudid. Kveðst hann þá hafa fengið manni þar í þvögunni og og hann vissi ekki hvort var með Ólafi Friðrikssyni eða lögregl-

unni og áttust þeir við þangað til búð var að fara með piltinn aftur inn í húsið. Kveðst ákærður hafa verið blóðugur í andliti, með kúlar á höfði og skitug fót er viðureigninni lauk og því farið bakdyramegin inn í íbúð Ólafs til að ræsta sig, en neitar því fastlega, að hann hafi átt nokkurn þátt í því að varna lög-
reglunni inngöngu í húsið eða sýnt henni annan mótþróa, og er það ekki sannað gegn neitun hans.

Hinir ákærðu hafa haldið því fram, að þeim hafi þótt rússneska piltinum órjettur gjör með því að meina honum landvist hjer og að það hafi verið af meðaumkvun með honum, að þeir vildu hindra, að hann væri tekinn og fluttur af landi burt.

Það þykir ekki sannað gegn neitun ákærðs Ásgeirs M. Guðjónssonar, að hann hafi gjört sig sekan í refsiverðum mótþróa gegn lögreglunni og þykir því verða að sýkna hann af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Framangreind brot Ólafs ritstjóra Friðrikssonar heyra að álitu rjettarins undir 104 gr. og 99. gr. sbr. 53. gr. hegningarlaganna og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir þeim með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga.

Framangreint brot ákærðs Hendriks Ottóssonar heyrir að álitu rjettarins undir 99. gr. sbr. og 53. gr. hegningarlaganna og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga.

Brot ákærðu Markúsar Jónssonar, Reimars Eyjólfssonar og Jónasar Magnússonar heyrir að álitu rjettarins undir 99. gr. hegningarlaganna og þykir refsing þeirra, hvers um sig, hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga.

Af áföllnum og áfallandi kostnadi í máli þessu, þar meðtöldum málsvarnarlaunum til hins skipaða talsmanns ákærðu Markúsar og Jónasar, sem ákveðst 50 krónur, þykir rjett að ákærður Ólafur Friðriksson greiði helminginn en hann og hinir ákærðu Hendrik, Markús, Reimar og Jónas hinn helminginn in solidum.

Rekstur málsins hefir verið vítalans.

